

Skólaárið 2025 - 2026

# Efnisyfirlit

1. Læsisstefna Vallaskóla ........ 2
2. Læsismenning Vallaskóla ........ 3
3. Grunnþættir læsis ........ 4
Lestur og lesskilningur ........ 4
Lesfimi ........ 5
Ritun og skrift ........ 5
Tjáning, samræða og hlustun ........ 5
4. Starfsþróun í læsiskennslu ........ 6
Læsi fyrir lífið ........ 6
PALS og K-PALS ........ 7
5. Læsiskennsla ........ 7
Stigskipt kennsla (RTI) ........ 8
Þrepaskipting orðaforða ........ 9
Kennsluaðferðir í Vallaskóla ........ 10
6. Nemendur með íslensku sem annað mál ........ 12
7. Lestrarerfiðleikar ........ 13
8. Skimanir og próf ........ 15
Hljóm-2 ........ 15
Leið til læsis ........ 15
Lesferill ........ 16
Orðarún – lesskilningsmat ........ 18
LOGOS – lesgreining ........ 18
9. Skimunarpróf, aðgerðaáætlanir og áherslur í læsiskennslu ........ 19
Heimildaskrá ........ 30

# 1. Læsisstefna Vallaskóla

Læsisstefna Vallaskóla tekur mið af *Læsisstefnu Árborgar* og *Aðalnámskrá grunnskóla*. Í stefnunni kemur fram hvernig unnið er með læsi í Vallaskóla og hverjar áherslur skólans eru í læsiskennslu og læsismenningu. Læsi er grunnur alls náms og lífsgæða. Hér er gengið út frá því að hugtakið feli í sér lestur og lesfimi, lesskilning, ritun, hlustun og tjáningu. Mjög mikilvægt er að nemendur nái góðum tökum á öllum þessum þáttum. Málþroski og málskilningur er forsenda hlustunarskilnings og að ná tökum á lesskilningi. Það skiptir því máli hvernig kennarar tala við nemendur, kynna fyrir þeim ný orð, útskýri og ræði. Þannig bera allir kennarar í Vallaskóla ábyrgð á læsisnámi nemenda.

Í stefnunni er  fjallað um mismunandi kennsluaðferðir, yfirlit yfir matstæki og eftirfylgni nái nemendur ekki settum markmiðum í lestri. Læsisstefnunni er ætlað að vera handbók sem kennarar nýta sér í tengslum við kennslu og skipulag hennar en einnig upplýsingarit fyrir forráðamenn og skólasamfélagið allt.

Í tengslum við lestrarþjálfun eru hraðaviðmið *Lesferils* notuð fyrir hvern árgang. Þau sýna ákveðinn orðafjölda á mínútu í lesfimi. Ef nemandi nær ekki lágmarksmarkmiði mun eftirfylgni eiga sér stað. Það er mikilvægt að styðjast við fjölbreyttar kennsluaðferðir í læsi þannig að það náist til sem flestra. Lesskilning þarf einnig að þjálfa og til þess þarf að beita markvissum lesskilningsaðferðum. Góður lesskilningur þróast ekki af sjálfu sér, hann þarf að þjálfa jafnt og þétt og best er að byrja strax við upphaf grunnskólagöngu.

**SAMANTEKT**

- Læsisstefna Vallaskóla tekur mið af Læsisstefnu Árborgar og Aðalnámskrá grunnskóla.
- Hugtakið *læsi* felur í sér lestur og lesfimi, lesskilning, ritun, hlustun og tjáningu.
- Læsisstefna Vallaskóla er handbók fyrir kennara og upplýsingarit fyrir aðra í skólasamfélaginu.
- Það er í höndum allra kennara að stuðla að auknu læsi nemenda.

# 2. Læsismenning Vallaskóla

Í Vallaskóla er lögð áhersla á jákvætt viðhorf til lestrar og að nemendur þjálfist í að velja sér lesefni sem höfðar til þeirra. Læsismenning skólans einkennist af því að veita nemendum tækifæri til að axla ábyrgð á eigin læsi og öðlast skilning á gildi þess fyrir nám og yndi.

Skólabókasafnið leikur stórt hlutverk í allri læsismenningu og þangað eiga nemendur að geta leitað til að finna sér lesefni við hæfi og fá aðstoð við það. Yndislestur felur í sér að nemendur lesi sjálfir í ákveðinn tíma bækur sem þeir velja sjálfir sér til yndisauka. Í Vallaskóla er yndislestur skipulagður almennt í fyrstu kennslustundum eða í umsjónartímum nemenda. Mikilvægt er að þessar stundir séu markvissar og vel nýttar. Á yngra stigi í Vallaskóla er lögð áhersla á að kennari lesi upphátt fyrir nemendahóp í nestistíma. Með þessari notalegu gæðastund er ýtt undir áhugahvöt nemenda á lestri. Nestislestur er því mikilvægur liður í að efla læsismenningumenningu skólans. Á innri vef skólans geta kennarar nálgast yfirlit yfir bækur sem lesnar hafa verið í nestistímum á yngsta stigi. Nemendur þurfa að sinna heimalestri reglubundið og afhenda kennarar þeim lestrarhefti þar sem heimalestur er skráður og foreldrar kvitta fyrir. Einnig nýta sum kennarateymi sér Læsir (e.d.) sem er snjallforrit þar sem hægt er að skrá lestur nemenda á einfaldan hátt og veitir kennurum og foreldrum góða yfirsýn yfir lesturinn. Þessar upplýsingar hafa umsjónarkennarar til hliðsjónar í foreldraviðtölum og lestrarþjálfun.

Í Vallaskóla er þess gætt að ýmis gögn sem geta hjálpað nemendum varðandi lestur fari á milli stiga til þess að skapa þá samfellu sem mikilvæg er. Umsjónarkennarar sem taka á móti nemendum í 1. árgangi sitja fundi með kennurum frá leikskólum þar sem farið er yfir niðurstöður lestrarskimana. Í skipulagi skólans er þess gætt að skapa svigrúm til þessa en einnig þegar nemendur flytjast yfir á miðstig og unglingastig eða fá nýja umsjónarkennara.

*Litla upplestrarhátíðin* í 4. árgangi og *Stóra upplestrarkeppnin* í 7. árgangi skipa stóran sess í lestrarþjálfun og framsögn nemenda. Er þess gætt að kennarar og þjálfarar fái svigrúm til þess að aðstoða nemendur í undirbúningi.

Læsisráð er starfandi í skólanum en þar sitja stjórnendur og kennarar sem sjá um gerð og endurskoðun á læsisstefnu skólans. Ráðið er leiðandi í fjölbreyttum aðferðum í læsiskennslu og eru til ráðgjafar og stuðnings við kennara við skipulag lestrarkennslu. Ráðið fundar einu sinni í mánuði og heldur utan um vinnuna með fundargerðum. Læsisráðið heldur utan um þróunarverkefnið *Læsi fyrir lífið* (e.d.) og hvetur kennara til þess að prófa sig áfram með fjölbreytta kennsluhætti og nýbreytni í læsiskennslunni. Einnig stuðlar ráðið að því að kennarar fái fræðslu og leiðsögn um ólíkar aðferðir í læsiskennslu.

**SAMANTEKT**

- Læsi er lykill að lífsgæðum.
- Skólabókasafnið spilar stórt hlutverk í allri lestrarmenningu.
- Gögn varðandi þróun lestrar hjá nemendum fara á milli stiga.
- Læsisráð starfar í skólanum sem sér um gerð og endurskoðun læsisstefnunnar

# 3. Grunnþættir læsis

Þekking á bókstöfum og hljóðum, umskráningarferli lestrar, ásamt því að geta lesið texta með því að tengja saman stafatákn og hljóðmyndir, er undirstaða í læsi. Til að gagn verði af lestrinum er nauðsynlegt að geta túlkað og skilið texta. Læsi er skilgreint sem víðtæk færni sem felur í sér bæði tæknilega færni og skilning.

## Lestur og lesskilningur

Markmið lestrarkennslu þarf að miða að því að allir nemendur nái sem bestum tökum á sjónræna ferlinu, þ.e. nái að tileinka sér hljóðaaðferðina og þróa síðan með sér sjónrænan orðaforða. Þannig verður lestur texta sjálfvirkur og athyglin getur nánast eingöngu beinst að því að meðtaka efnisinnihald textans og byggja upp lesskilning. Lesskilningur er flókið ferli sem byggir á samspili og gagnvirkni ýmissa vitrænna þátta. Gagnvirk tengsl eru milli lesskilnings annars vegar og þátta er snerta skilning á talmáli og orðaþekkingu hins vegar. Erfiðleikar með umskráningu og orðaþekkingu geta haft hamlandi áhrif á lesskilning.

Almenn þekking nemenda og ályktunarhæfni vex með aldrinum sem hefur áhrif á lesskilning þeirra (Steinunn Torfadóttir, 2011e).

## Lesfimi

Lesfimi er samsett færni sem felst í hraða, lestrarnákvæmni, áherslum og hrynjanda í lestri. Sterk tengsl eru á milli lesfimi og lesskilnings. Lesfimi er mikilvæg við upplestur og hljóðlestur og getur bæði takmarkað og stutt við lesskilning (Helga Sigurmundsdóttir, 2011a).

## Ritun og skrift

Helsti tilgangur ritunar er að miðla efni til annarra, halda utan um og móta eigin hugsun. Þetta ætti að vera megintilgangur kennslunnar þó svo að tæknileg færni eins og skrift, innsláttur á lyklaborði og stafsetning sé ein af undirstöðum textaritunar. Meginhluti kennslutímans í ritun ætti að fara í að rita texta þar sem það hjálpar til við lestur, fremur en að þjálfa tæknilega færni án samhengis við samfelldan texta. Lestur, ritun, málfræði og stafsetning eru samverkandi þættir sem styðja hver annan og þarf að þjálfa samhliða (Læsisvefurinn, e.d.)

## Tjáning, samræða og hlustun

Þeir nemendur sem hafa gott vald á töluðu máli, samræðum og framsögn eru færari um að taka þátt í umræðum í samfélaginu og eiga auðveldara með að miðla af þekkingu sinni. Það er því mikilvægt að nemendur fái þjálfun í þessum þáttum læsis en þannig stuðlar skólinn að því að nemendur geti sagt frá sínum skoðunum, hlustað á aðra og rökrætt málin (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011).

**SAMANTEKT**

- Nemendur læra fyrst bókstafina og hljóð þeirra og tengja síðan saman í orð
- Í kjölfarið kemur þekking á orðamyndum og lesskilningur ásamt ritun og túlkun á texta
- Læsi er víðtæk færni sem felur í sér bæði tæknilega færni og skilning

# 4. Starfsþróun í læsiskennslu

Í Lögum um grunnskóla (nr.91/2008) og Aðalnámskrá grunnskóla (2011) er að finna kröfur um að starfsfólk ígrundi starf sitt reglulega, afli sér nýrrar þekkingar og sýni stöðuga viðleitni til að læra og gera betur. Ein skilvirkasta leiðin til þess að gefa starfsfólki færi á þessu er að þróa lærdómssamfélag í skólum. Lærdómssamfélag byggir á því að meðlimir læra hver af öðrum og með hver öðrum í viðleitni sinni til að ná sífellt betri árangri í samræmi við breyttar áherslur hverju sinni. Til þess að mæta áherslum í læsisstefnu er brýnt að kennarar þekki vel þróun lesturs og hafi faglega þekkingu til að geta gripið inn í lestrarferlið ef nemandi er í hættu á að lenda í erfiðleikum með lestrarnám sitt. Það getur skipt sköpum að grípa inn í með snemmtækri íhlutun og má með því móti jafnvel koma í veg fyrir alvarlega lestrarerfiðleika síðar meir (Steinunn Torfadóttir, 2011b,c).

## Læsi fyrir lífið

Veturinn 2025 – 2026 mun Vallaskóli innleiða þróunarverkefnið *Læsi fyrir lífið* (e.d) í samstarfi við Miðstöð skólaþróunar við HA, verkefni sem miðar að því að efla læsiskennslu á mið- og unglingastigi. *Læsi fyrir lífið* eru samvirkar læsiskennsluaðferðir og samþætt vinna með orðaforða, lesskilning, lesfimi, ritun, samræðu, tjáningu og hlustun í skólastarfi í brennidepli. Markmiðið er að efla læsisfærni nemenda ár frá ári og að læsi fléttist inn í allt skólastarf þvert á námsgreinar. Lögð er áhersla á að mæta þörfum nemenda þar sem þeir eru staddir námslega og stuðla að auknum áhuga, virkni og árangri þeirra. Grunnstoðir verkefnisins eru:

- Árangursrík læsiskennsla
- Leiðsagnarnám
- Stigskiptur stuðningur
- Samþætting
- Virkt nám
- Gagnvirkur lestur
- Áhugahvöt
- Námsaðlögun

## PALS og K-PALS

Efla þarf umræðuna enn frekar um lestur og lestrarkennsluaðferðir innan skólans veturinn 2025 – 2026 og efla kennara í jafningjafræðslu varðandi PALS í lestrarkennslu. PALS eða paralestur er lestraraðferð sem gefur kennurum kost á að þjálfa alla nemendur samtímis í lestri með jafningjamiðaðri nálgun. Kennarar í skólanum hafa verið að þróa lestrarkennslu sem byggir á hugmyndafræði PALS og munu segja frá sinni vinnu og koma með hugmyndir sem aðrir kennarar í skólanum geta nýtt sér.

**SAMANTEKT**

- Kennarar þurfa að þekkja vel til þróunar lesturs og hafa faglega þekkingu til að grípa sem fyrst inn í lestrarferlið ef þörf krefur.
- Þróunarverkefnið *Læsi fyrir lífið* miðar að því að efla læsiskennslu á mið- og unglingastigi á markvissan hátt.
- PALS er lestrarkennsluaðferð þar sem nemendur lesa saman og aðstoða hvor annan við að bæta lesturinn.

# 5. Læsiskennsla

Læsiskennsla krefst þekkingar á  samspili mál- og lestrarfærni sem og tengslum málerfiðleika og lestrarerfiðleika. Markmið, skipulag og val á viðeigandi kennsluaðferðum og kennsluefni byggir á þessum þekkingargrunni. Kennslufræðilegar ákvarðanir þurfa að vera vel ígrundaðar og miða að því að tryggja sem bestan árangur nemenda hverju sinni. Hér er mikið í húfi og því þurfa kennarar að leita eftir þekkingu og aðferðum sem rannsóknir sýna að virka best (Steinunn Torfadóttir, 2011b).

Kennsluaðferðir í læsi eru margar og mikilvægt að velja fjölbreyttar leiðir til þess að ná til sem flestra og styrkja áhugahvöt nemenda. Við upphaf grunnskólagöngu þarf kennslan að beinast að hljóðkerfis- og hljóðavitund ásamt umskráningu. Þegar grunnfærni er náð beinist kennslan í auknum mæli að lesfimi, orðaforða, lesskilningi og ritun. Þessir þættir krefjast sérhæfðra kennsluaðferða.

Í töflunni hér fylgir á eftir má sjá á grófan hátt ólíkar áherslur í kennslu út frá þessum þáttum miðað við aldur og færni nemenda í leikskóla og 1. – 3. árgangi (Helga Sigurmundsdóttir, 2011b).

| | Hljóðkerfisvitund | Umskráning | Lesfimi | Orðaforði | Lesskilningsaðferðir | Ritun |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Leikskóli | 20% | 10% | 20% | 30% | 10% | 10% |
| 1. bekkur | 10% | 20% | 20% | 20% | 10% | 20% |
| 2. bekkur | | 10% | 30% | 10% | 30% | 20% |
| 3. bekkur | | | 20% | 20% | 30% | 30% |

*Leið til læsis* – Handbók

## Stigskipt kennsla (RTI)

Kennslu- og þjálfunaraðferðir eru ólíkar eftir aldri nemenda og hvar þeir eru staddir í lestrinum. Það getur reynst flókið að veita öllum nemendum lestrarkennslu við hæfi í margbreytilegum nemendahóp. Þegar hugað er að einstaklingsmiðaðri lestrarkennslu byggist hún á nálgun sem nefnist *Response to intervention* og er skammstafað RTI eða stigskipt kennsla. Aðferðin byggir á ákveðnu kennsluskipulagi sem er útskýrt á myndinni hér að neðan (Steinunn Torfadóttir, 2011a).




*Leið til læsis* - Handbók

Ferli stigskiptrar lestrarkennslu er þannig að á **fyrsta stigi** er áætlað að fari fram kennsla í grunnþáttum læsis í hefðbundnu bekkjarskipulagi með raunprófuðum aðferðum og inniheldur:

- Orðaforða og lesskilning
- Fjölbreytilega kennslu í hljóðkerfis- og hljóðvitundarþáttum
- Kennslu í hljóðaaðferð og umskráningu
- Aldurssvarandi þjálfun í læsi

Á **öðru stigi** er lögð áhersla á einstaklingsmiðaða kennslu í litlum hópum. Markmiðið er að koma betur til móts við nemendur sem þurfa frekari kennslu. Í því felst meiri sveigjanleiki og mögulegt að bjóða nemendum fjölbreyttari verkefni séu þeir undir viðmiðum í einhverjum læsisþáttum á fyrsta stigi.

Á **þriðja stigi** er kennsla framkvæmd af sérkennurum þar sem unnið er út frá einstaklingsnámskrám. Fyrir þá nemendur sem þurfa einstaklingsmiðaða kennslu og jafnvel sérhæft kennsluumhverfi.

## Þrepaskipting orðaforða

Kenning Beck, McKeown og Kucan (2002) varðandi þrepaskiptingu orðaforða byggir á þeirri hugmynd að skipta megi orðaforða málnotanda í þrjú þrep. Þau geta haft kennslufræðilegt gildi þegar leggja þarf mat á hvaða orðaforða sé mikilvægt að kenna.

**1. þrep**

**Grunnorðaforðinn** eru þau orð sem **við kynnumst strax** á unga aldri og eru í umhverfi okkar. Þetta eru t.d. orð eins og klukka, glaður, hús, borða, hlaupa, rauður og mjúkur.

**2. þrep**

**Millilag orðaforðans** eru þau orð sem **við þurfum að þekkja**. Það er sá orðaforði sem skiptir sköpum þegar börn fara **að lesa til að læra**. Þetta geta verið samheiti algengra orða eins og stúlka, drengur o.s.frv. eða orð eins og meta, smjúga, drungalegur, útdráttur, tignarlegur og glæfralegur. Jafnframt tilheyra millilaginu orðatiltæki og málshættir.

**3. þrep**

**Efsta lag orðaforðans** eru orð sem **við ættum að þekkja** en eru sérhæfðari og lærast í tengslum við ákveðin viðfangsefni og er sértækur orðaforði námsgreina og fagsviða. Dæmi um orð í efsta lagi eru kjarni, himnuflæði, tónsvið, jarðhræringar, flekaskil og sólkerfi.




Læsisvefurinn: Þrepaskipting orðaforða

Orðaforði er einn af grundvallarþáttum lesskilnings og mikilvæg undirstaða alls náms, því meiri orðaforði, þeim mun betri lesskilningur. Þess vegna er nauðsynlegt að styðja vel við máltöku barna og leggja mikla áherslu á orðaforða alveg frá upphafi. Menntamálastofnun hefur gefið út bækling með orðasafni sem hægt er að styðjast við og nota í kennslu með börnum í leikskólum og á yngsta stigi grunnskólans. Orðasafnið er alls ekki tæmandi en inniheldur dæmi um mikilvægan grunnorðaforða sem gott er að hafa á valdi sínu sem undirstöðu fyrir vaxandi mál- og lesskilning. Orðasafnið er hægt að nálgast hér Orðaforðalisti og á heimasíðu *Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu* (e.d.).

## Kennsluaðferðir í Vallaskóla

Í Vallaskóla eru fjölbreyttar kennslu- og þjálfunaraðferðir notaðar í tengslum við lestrarkennslu. Meginkennsluaðferðin er hljóðaðferðin sem nýtt er við að kenna umskráningu sem tæknilega hlið lestrar.  Eftir því sem nemendur eflast í lestrinum og lesfimi þá eykst lesskilningskennslan hægt og rólega og áherslur aukast á orðaforða, ritun, framsögn og samræður.

**Á yngsta stigi Vallaskóla (1. – 4. árgangi)** er lögð áhersla á stafainnlögn, hljóðkerfisvitund og umskráningu. Samhliða stafainnlögninni er kennt að draga rétt til stafs og skrift stafsins þjálfuð ásamt réttu gripi á skriffæri. Í þessari vinnu er stuðst við stafahús til að kenna rétt hlutföll stafanna. Einnig eru orðmyndir kenndar og áhersla lögð á ýmsa orðavinnu. Lesfimi er þjálfuð markvisst ásamt lesskilningi og hlustunarskilningi. Í lestrarþjálfuninni eru t.a.m. nýttir leslistar sem skólinn hefur sett upp fyrir hvern og einn árgang á yngsta stigi og eru aðgengilegir á sameiginlegu drifi. Í lestrarlista er yfirlit yfir lesbækur og er þeim raðað eftir þyngdarstigi. Söngur, ljóð, vísur og ævintýri eru nýtt á yngsta stigi til markvissrar málörvunar. Framsögn nemenda er m.a. þjálfuð í kringum upplestrarhátíð 4. árgangs. Skrift og ritun er þjálfuð m.a. í gegnum sögugerð og ljóðavinnu. Lögð er áhersla á samstarf við heimilin varðandi heimalestur þar sem kvittanahefti fara á milli heimilis og skóla. Nemendur skrifa einnig orð í orðasafn heima. Paralestur er reglulega þjálfaður yfir veturinn (PALS). Lögð er áhersla á að börnin skoði bækur og lesi í þeim í samræmi við aukna lestrargetu. Þannig er lagður grunnur að yndislestri.

**Á miðstigi Vallaskóla (5. - 7. árgangi)** er lögð áhersla á fjölbreytta orðavinnu, unnið með orð dagsins og yndislestur. Lesfimi er þjálfuð markvisst ásamt lesskilningi og hlustunarskilningi. Með samþættingu námsgreina er unnið með lestur í gegnum leikræna tjáningu og upplestur. Í kringum Stóru upplestrarkeppnina í 7. árgangi er framsögn þjálfuð markvisst. Ritun er þjálfuð fyrst og fremst í kringum sögugerð og ritgerðasmíð. Paralestur (PALS) er þjálfaður reglulega yfir veturinn. Heimalestur er einnig mikilvægur á miðstigi og hafa sum kennarateymi nýtt sér *Læsir* snjallforritið til að skrá lestur nemenda.

**Á elsta stigi Vallaskóla (8. – 10. árgangur)** er lögð áhersla á lesfimi, lesskilning, markvissa málörvun, framsögn og umræður. Miðlalæsi t.d. í sambandi við töluleg gögn og upplýsingaöflun. Unnið með ýmsar bókmenntir bæði lesið og hlustað ásamt yndislesturs. Aukin áhersla á glósuvinnu nemenda og hugtakavinnu. Á elsta stigi er einnig samþætting námsgreina þar sem íslenskan og læsi er verkfærið í öllum verkefnum.

**SAMANTEKT**

- Kennarar þurfa að huga vel að öllu skipulagi læsiskennslu.
- Nemendur þurfa læsiskennslu sem hentar þeirra lestrarfærni, stigskipt kennsla.
- Orðasafn nemenda er ólíkt eftir því hvar þeir eru staddir í þroska.
- Í Vallaskóla eru helstu kennslu- og þjálfunaraðferðir í læsi hljóðaaðferðin, PALS, fjölbreytt kennsla í lesskilningi, orðaforða, ritun, framsögn og samræður.

# 6. Nemendur með íslensku sem annað mál

Nemendur með annað móðurmál en íslensku fylgja almennt sínum árgangi í námi og er lögð áhersla á að þeir vinni sem mest með íslensku málaumhverfi. Þó ber að hafa í huga að þessir nemendur hafa ólíkan bakgrunn hvað varðar nám, menningu og tungumál og hafa jafnvel mismikla undirstöðu í eigin móðurmáli. Námsgreinin *Íslenska sem annað tungumál* (ÍSAT) er ekki einungis tungumálakennsla heldur einnig grein sem stuðlar að félagslegri vellíðan nemandans í nýju menningar- og skólaumhverfi. Traust undirstaða í móðurmáli er forsenda færni í tungumálanámi síðar. Foreldrar eru því hvattir til þess að aðstoða börnin við að lesa á sínu móðurmáli .

Við móttöku nýrra nemenda er stöðumat er lagt fyrir á þeirra móðurmáli. Niðurstaða stöðumatsins gefur vísbendingar um námslega stöðu og getur verið leiðbeinandi varðandi framhaldið. Niðurstaðan getur einnig haft áhrif á lengd tíma og fjölda kennslustunda í Fjölmenningardeild. Tímafjöldi nemenda í námsgreininni íslenska sem annað tungumál fer eftir viðmiðunarstundatöflu sem hægt er að nálgast á heimasíðu Miðstöðvar menntamála. Í Vallaskóla miðast sú viðmiðunarstundatafla fyrst og fremst við nemendur í 1.-4 árgangi. Í 5.-10. árgangi fá byrjendur fleiri tíma en viðmiðunartaflan segir til um. Stefnan er alltaf sú að nemendur öðlist þá færni í íslensku að þeir geti fylgt sínum árgangi í öllum tímum með minnkandi stuðningi.

**SAMANTEKT**

- Íslenska sem annað tungumál er námsgrein þar sem auk tungumálakennslu er hugað að félagslegri vellíðan nemenda og aðlögun að íslensku skólaumhverfi
- Málumhverfi skiptir miklu í tengslum við máltöku og því mikilvægt að nemendur með annað móðurmál vinni sem mest Í íslensku málaumhverfi.
- Stefnan er alltaf sú að nemendur geti fylgt sínum árgangi í öllum námsgreinum með minnkandi stuðningi.

# 7. Lestrarerfiðleikar

Ýmsir nemendur glíma við lestrarvanda og er mikilvægt að kennarar séu meðvitaðir um það og hafi grunnþekkingu á helstu einkennum lestrarvanda. Sumir nemendur eiga í tímabundnum erfiðleikum en aðrir til langframa. Mikilvægt er að bregðast fljótt við vandanum á fyrstu árum grunnskólans því þannig má oft koma í veg fyrir að vandinn aukist og verði flóknari.

Helstu forspárþættir lestrar við upphaf skólagöngu eru færni við hljóðkerfisúrvinnslu; það er hljóðkerfisvitund og stafaþekking. Rannsóknir á börnum þar sem lestur þróast með eðlilegum hætti og hins vegar á börnum sem eiga í lestrarerfiðleikum, þar á meðal lesblindu, hafa sýnt að þróun hljóðkerfishæfni hefur sterkt forspárgildi varðandi gengi í lestrarnámi (NERP, 2004). Þá sýnist stafaþekking forskólabarna haldast í hendur við hljóðkerfisfærni þeirra (Lonigan, 2006). Mikilvægt er að hafa í huga að það er ekki alvarleiki hljóðkerfisvandans einn og sér sem ræður úrslitum um gengi barna í lestrarnámi. Þau börn sem hafa góðan orðaforða og sterka málræna færni vinna sig auðveldar framhjá hljóðkerfisveikleikunum

*(Carroll o.fl., 2011).*

*Leið til læsis* - Handbók

Lesblinda (dyslexía) er sértækur námsörðugleiki af taugafræðilegum uppruna sem birtist helst í hægum lestri ásamt því að hann er oft ónákvæmur. Einnig birtist lesblinda í stafsetningu nemenda. Lesblinda er vandi við úrvinnslu málhljóða sem rekja má til veikleika í hljóðkerfisþætti tungumálsins (Lesvefurinn, e.d.).

Taflan hér að neðan sem kallast einfalda lestrarlíkanið (Steinunn Torfadóttir, 2011d) útskýrir í grófum dráttum að lestrarerfiðleikar felist í tveimur meginþáttum þ.e. umskráningu og lesskilningi.

| Hlustunarskilningur | UMSKRÁNING Slök | UMSKRÁNING Góð |
|---|---|---|
| Góður | 1. Lesblinda – Dyslexía<br>Veikleikar í umskráningu | 2. Óskilgreindur lestrarvandi<br>Styrkleikar í báðum þáttum |
| Slakur | 3. Blandaður hópur<br>Lesblinda og lesskilningsvandi<br>Veikleikar í báðum þáttum | 4. Sértækir lesskilningserfiðleikar<br>Veikleikar á málskilningi |

*Leið til læsis* - Handbók

Nemendur með lesblindu eiga í sérstökum erfiðleikum með að umskrá bókstafi ritmálsins í hljóð og orð. Þessi vandi við umskráningu sem og við stafsetningu nýrra orða hindrar þá í að byggja upp sjónrænan orðaforða sem þarf til að ná góðri lesfimi. Það á einnig við um annað tungumálanám. <u>Málskilningur er forsenda hlustunarskilnings og því að ná tökum á lesskilningi.</u> Þannig geta styrkleikar og veikleikar í umskráningu og hlustunarskilningi leitt til ólíkra vandamála í lestri. Nemendur með lesblindu eiga oft í meiri vanda en aðrir nemendur við að læra erlend tungumál en auk þess eru helstu einkenni **<u>lesblindu í lestri:</u>**

- Nemandi er lengi að læra bókstafina
- Erfiðleikar við að tengja stafi og hljóð
- Ónákvæmur og hikandi lestur
- Lítil sjálfvirkni í lestri
- Byggir hægt upp sjónrænan orðaforða
- Lítil lesfimi

Helstu einkenni **<u>lesblindu í stafsetningu:</u>**

- Brottfall stafa
- Erfiðleikar með að greina stutt og langt sérhljóð
- Erfiðleikar með að greina mun á hörðum og linum samhljóðum
- Rugla saman hljómlíkum stöfum
- Stafavíxl

Nemendum með lesblindu og aðra lestrarerfiðleika þarf að leiðbeina um hvernig þeir geta nýtt sér ýmsa námstækni s.s. glósutækni, hljóðbækur og endurtekningar ásamt því að nýta sér ýmis kennsluöpp.

**SAMANTEKT**

- Lestrarvandi getur verið langvarandi eða tímabundinn. Rétt þjálfun skiptir miklu máli.
- Lesblinda (dyslexía) er sértækur námsörðugleiki af taugafræðilegum uppruna.
- Annar lestrarvandi s.s. lesskilningsvandi getur stafað af öðrum þáttum.
- Málskilningur er forsenda hlustunarskilnings og að ná tökum á lesskilningi.
- Helstu einkenni lesblindu eru hægur lestur, slök stafaþekking og stafsetning.

# 8. Skimanir og próf

Helstu markmið lestrarskimanna er að finna nemendur sem eiga á hættu að lenda í vanda með lestur. Lestrarvandi sem ekki er unnið með á réttan hátt getur hamlað nemendum í framtíðinni bæði í námi og starfi. Með því að greina vandann nógu snemma er hægt að aðlaga kennsluna.

## Hljóm-2

*Hljóm-2* er skimunarpróf sem metur hljóðkerfis- og málvitund barna í elsta árgangi leikskóla. Ef þessir þættir eru slakir eru þeir taldir vera aðalorsök lestrarvanda barna. Skimunin greinir þau börn sem eru í áhættu vegna lestrarerfiðleika áður en lestrarnám hefst í grunnskóla og nýtist kennurum til að fylgjast betur með þeim.

## Leið til læsis

*Leið til læsis* er fjölþætt stuðningskerfi í lestrarkennslu í 1. – 4. árgangi. *Það* er byggt á stöðluðum matstækjum sem gefa kennurum og foreldrum til kynna stöðu nemenda í lestri strax við upphaf grunnskólagöngu. Þessar niðurstöður nýta kennarar sér til að skipuleggja og aðlaga lestrarkennsluna út frá þörfum hvers nemanda.




*Leið til læsis* – Handbók

## Lesferill

*Lesferill* er staðlað matstæki sem gefið er út af Miðstöð menntunar – og skólaþjónustu (e.d.) og er lagður fyrir nemendur í 1. – 10. árgangi. *Lesferill* veitir upplýsingar um framvindu í lestrarnámi og gefur vísbendingar um lestrarerfiðleika.

Um er að ræða fjögur próf sem snúa að umskráningu eða sjálfri lestrartækninni:

- Lesfimipróf
- Hliðarpróf (stuðningspróf)
- Lesskimun fyrir 1. árgang
- Stafsetningarpróf fyrir 4. – 7. árgang (er í vinnslu)

Lesfimiprófin eru grunnpróf. Hliðarprófin eru nákvæmari próf í sjónrænum orðaforða, orðleysulestri og nefnuhraða en þeir þættir hafa allir áhrif á lestrartæknina.

**Matsviðmið fyrir lesfimiprófið** miðast við fjölda lesinna orða á mínútu. Þar eru gefin upp lágmarksviðmið fyrir hvern árgang sem 90% nemenda ættu að ná við lok skólaárs. Ef nemendur ná ekki viðmiði 1 í lesfimi þá skipuleggja umsjónarkennarar í samstarfi við íslenskukennara og sérkennara íhlutun fyrir nemendur.

| Aldur nemenda | 90% viðmið | 50% viðmið | 25% viðmið |
|---|---|---|---|
| 1. bekkur | 20 | 55 | 75 |
| 2. bekkur | 40 | 85 | 100 |
| 3. bekkur | 55 | 100 | 120 |
| 4. bekkur | 80 | 120 | 145 |
| 5. bekkur | 90 | 140 | 160 |
| 6. bekkur | 105 | 155 | 175 |
| 7. bekkur | 120 | 165 | 190 |
| 8. bekkur | 130 | 180 | 210 |
| 9. bekkur | 140 | 180 | 210 |
| 10. bekkur | 145 | 180 | 210 |

Á heimasíðu Miðstöðvar um skólaþjónustu (e.d.) má nálgast nákvæmari útskýringar á matstáknum í lesfimi samkvæmt *Lesferli*.

| 1.bekkur | 2. bekkur | 3. bekkur | 4. bekkur | 5. bekkur |
|---|---|---|---|---|
| Rétt lesin orð á mínútu: | Rétt lesin orð á mínútu: | Rétt lesin orð á mínútu: | Rétt lesin orð á mínútu: | Rétt lesin orð á mínútu: |
| Uv = færri en 20. | Uv = færri en 39. | Uv = færri en 54. | Uv = færri en 79. | Uv = færri en 89. |
| V1 = 20-54. | V1 = 40-84. | V1 = 55-99. | V1 = 80-119. | V1 = 90-139. |
| **V2 = 55-74.** | **V2 = 85-99.** | **V2 = 100-119.** | **V2 = 120-144.** | **V2 = 140-159.** |
| V3 = 75 eða fleiri. | V3 = 100 eða fleiri. | V3 = 120 eða fleiri. | V3 = 145 eða fleiri. | V3 = 160 eða fleiri. |
| 6. bekkur | 7. bekkur | 8. bekkur | 9. bekkur | 10. bekkur |
| Rétt lesin orð á mínútu: | Rétt lesin orð á mínútu: | Rétt lesin orð á mínútu: | Rétt lesin orð á mínútu: | Rétt lesin orð á mínútu: |
| Uv = færri en 104. | Uv = færri en 119. | Uv = færri en 129. | Uv = færri en 139. | Uv = færri en 144. |
| V1 = 105-154. | V1 = 120-164. | V1 = 130-179. | V1 = 140-179. | V1 = 145-179. |
| V2 = 155-174. | V2 = 165-189. | **V2 = 180-209.** | **V2 = 180-209.** | **V2 = 180-209.** |
| V3 = 175 eða fleiri. | V3 = 190 eða fleiri. | V3 = 210 eða fleiri. | V3 = 210 eða fleiri. | V3 = 210 eða fleiri. |

Miðstöð menntunar og þjónustu – *Lesferill*

**Matsviðmið fyrir hliðarprófin** *í Lesferli* miðast við mælitölur á bilinu 1 – 19 og má sjá almenna túlkun á þeim í töflunni hér að neðan.

| Mælitala | Lýsing | Almenn túlkun niðurstöðu |
|---|---|---|
| 1 til 3 | Neðri mörk kvarða | Veikleiki miðað við jafnaldra |
| 4 til 6 | Fyrir neðan meðaltal | Veikleiki miðað við jafnaldra |
| 7 til 8 | Neðri hluti meðaltals | Innan eðlilegra marka |
| 9 til 11 | Meðaltal | Innan eðlilegra marka |
| 12 til 13 | Efri hluti meðaltals | Innan eðlilegra marka |
| 14 til 16 | Fyrir ofan meðaltal | Styrkur miðað við jafnaldra |
| 17 til 19 | Efri mörk kvarða | Styrkur miðað við jafnaldra |

Miðstöð menntunar og þjónustu – Almenn viðmið um túlkun mælitalna

Allir nemendur eru prófaðir í *Lesferli* þrisvar sinnum á ári en þó skal ávallt hafa viðmið um frávik í huga sem gilda á öllum stigum skólans:

- Nemendur með greinda málþroskaröskun, skertan almennan þroska eða annað sem hefur umtalsverð áhrif á getu til lesturs skulu metnir sérstaklega.
- Meta skal hvort nemandinn hafi forsendur til að fara í *Lesferil* eða hvort meta skuli framfarir út frá þeirri íhlutun sem á sér stað í lestrarkennslunni.
- Nemandi sem ekki fer í *Lesferil* skal fá sérstaka íhlutun varðandi lestrarnám.

## Orðarún – lesskilningsmat

Miðstöð menntunar- og skólaþjónustu (e.d.) gefur út staðlað lesskilningspróf fyrir 3. - 8. árgang sem nefnist *Orðarún*. Niðurstöður eru  notaðar til að skoða stöðu árganga og einstaklinga þannig að hægt sé að móta kennsluna og meta þörf fyrir íhlutun. Matið er lagt fyrir í janúar og maí ár hvert.

## LOGOS – lesgreining

*LOGOS* er greiningarpróf sem grundvallað er á rannsóknum á lestrarfærni. Í prófinu eru tveir prófflokkar, sá fyrri er ætlaður nemendum í 3. – 5. árgangi en sá seinni nemendum í 6. – 10. árgangi og fullorðnum. Einnig er stafsetningarpróf hluti af greiningarprófinu. Skipulagðar *LOGOS* skimanir fara fram í 6. árgangi. Markmiðið með þeim er að geta brugðist við með snemmtækri íhlutun ef nemendur glíma við lesblindu og veita þeim ráðgjöf og aðlaga námið að þeim.

Í kjölfarið á *LOGOS* skimun fer fram sex vikna lestrarátak bæði í skóla og heima  og síðan eru nemendur skimaðir aftur. Þeir nemendur sem sýna litlar sem engar framfarir í lestrinum fara í fulla lesblindugreiningu sem foreldrar/forráðamenn þurfa að gefa samþykki fyrir.

**SAMANTEKT**

- Til að greina lestrarvanda hjá nemendum  er stuðst við *Hljóm-2* í leikskóla og *Leið til læsis* í 1. árgangi, *Lesferil* á yngsta-, mið og elsta stigi og *LOGOS* skimun í 6. árgangi
- Snemmtæk íhlutun með skimun, þjálfun og eftirfylgni skiptir sköpum fyrir nemendur með lestrarvanda.

# 9. Skimunarpróf, aðgerðaáætlanir og áherslur í læsiskennslu

Í töflunum hér að neðan er yfirlit yfir matstækin sem Vallaskóli nýtir í tengslum við læsi. Auk þess er yfirlit yfir helstu áherslur í læsiskennslunni og vísað er í kennsluáætlanir A, B, C, D, E, F, G, H, I, Í sem hægt er að styðjast við víki nemendur frá aldursviðmiðum. Þær má sjá hér að aftan.

| | **1. árgangur** | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Matstæki** | **Lesferill** | | | **Stafakönnun** |
| | **Grunnpróf** | **Hliðarpróf *** | **Lesskimun** | |
| Grunnþættir lestrar | Lesfimi | Ritháttalestur, tenging hljóða og stafa | Málþroski<br>Bókstafir og hljóð<br>Hljóðkerfisvitund | Hljóðið, málið, tákn og stafaþekking |
| Tímasetning | September, janúar, maí | Janúar, maí | Október | September, janúar |
| Þátttaka | Allir nemendur árgangsins sem hafa forsendur til | Nemendur á eða undir viðmiði 1 | Allir nemendur | Nemendur á eða undir viðmiði 1 |
| Fyrirlögn | Umsjónarkennari eða sérkennari | Sérkennari | Umsjónarkennari eða sérkennari | Umsjónarkennari eða sérkennari |
| Kennsluskipulag ef nemandi víkur frá aldursviðmiðum | Ef nemandi kemur ágætlega út úr stafakönnun og hljóðum stafa þá er hægt að vinna með lestur stakra orða og stuttra setninga. Áætlun C | | Vinna fyrst og fremst með hljóð og stafi. Áætlun A og B | Vinna fyrst og fremst með **stafi** og hvað þeir segja. Áætlun A og B |
| **Læsiskennslan** | Stafainnlögn, hljóðaaðferð, hljóðlestur, markviss málörvun, unnið með hljóðkerfisvitund, samstarf heimilis og skóla varðandi heimalestur , PALS og K-PALS, orðavinna, orðmyndir, daglegur söngur, ljóð, vísur, ævintýri, markviss skriftar- og ritunarkennsla, lesskilningur og hlustunarskilningur, nestislestur | | | |

* Stundum kallað undirpróf eða stuðningspróf

| 2. árgangur | | | |
|---|---|---|---|
| **Matstæki** | **Lesferill** | | **Stafakönnun** |
| | **Grunnpróf** | **Hliðarpróf*** | |
| Grunnþættir lestrar | Lesfimi | Ritháttalestur, tenging hljóða og stafa | Hljóðið, málið, tákn og stafaþekking |
| Tímasetning | September, janúar, maí | Janúar, maí | September, janúar |
| Þátttaka | Allir nemendur árgangsins sem hafa forsendur til | Nemendur á eða undir viðmiði 1 | Nemendur á eða undir viðmiði 1 |
| Fyrirlögn | Umsjónarkennari eða sérkennari | Sérkennari | Umsjónarkennari eða sérkennari |
| Kennsluskipulag ef nemandi víkur frá aldursviðmiðum | Vinna með **hljóð** og stafi áætlun A og B. Vinna með **lesfimi.** Áætlun C. | | Vinna fyrst og fremst með hljóð og **stafi.** Áætlun A. |
| **Læsiskennslan** | Markviss lestrarþjálfun, samstarf heimilis og skóla varðandi heimalestur, yndislestur, lestrarþjálfun fer fram eftir lestrarlistum skólans, aukin áhersla á ritun, sögugerð og frásagnir, leikræn tjáning, nestislestur og PALS í fyrirfram ákveðnum lotum. | | |

* Stundum kallað undirpróf eða stuðningspróf

| 3. - 4. árgangur | | | |
|---|---|---|---|
| **Matstæki** | **Lesferill** | | **Orðarún 3. og 4. árgangur/Matsferill** |
| | **Grunnpróf** | **Hliðarpróf*** | |
| Grunnþættir lestrar | Lesfimi | Ritháttalestur, tenging hljóða og stafa. | Lesskilningur |
| Tímasetning | September, janúar, maí | Janúar, maí | Janúar og maí |
| Þátttaka | Allir nemendur árgangsins sem hafa forsendur til | Nemendur á eða undir viðmiði 1 og eru ekki með lestrargreiningar | Allir nemendur árgangsins sem hafa forsendur til |
| Fyrirlögn | Umsjónarkennari eða sérkennari | Sérkennari | Umsjónarkennari eða sérkennari |
| Kennsluskipulag ef nemandi víkur frá aldursviðmiðum | Vinna með **hljóð** og stafi Áætlun A og B. Vinna með **lesfimi.** Áætlun C. | | Vinna með áætlun E. |
| **Læsiskennslan** | Aukin áhersla á lesskilning, ritun og upplestur. PALS kennsla í lotum. Litla upplestrarhátíðin, framsögn. Helgileikurinn. Ritunarkennsla efld með sögugerð. Meiri áherslur á orðavinnu. Samstarf heimilis og skóla varðandi heimalestur. Nestislestur. | | |

* Stundum kallað undirpróf eða stuðningspróf

| 5. árgangur | | | |
|---|---|---|---|
| **Matstæki** | **Lesferill** | | **Orðarún 5/ Matsferill** |
| | **Grunnpróf** | **Hliðarpróf*** | |
| Grunnþættir lestrar | Lesfimi | Ritháttalestur, tenging hljóða og stafa | Lesskilningur |
| Tímasetning | September, janúar, maí | Janúar og maí | Janúar og mai |
| Þátttaka | Allir nemendur árgangsins sem hafa forsendur til | Nemendur á eða undir viðmiði 1 og eru ekki með lestrargreiningar | Allir nemendur árgangsins sem hafa forsendur til |
| Fyrirlögn | Umsjónarkennari eða sérkennari | Sérkennari | Umsjónarkennari eða sérkennari |
| Kennsluskipulag ef nemandi víkur frá aldursviðmiðum | Áhersla á lesfimi og ritun, styðjast við áætlun G | | Áhersla á lesskilning. Áætlun I eða E |
| **Læsiskennslan** | Aukin áhersla á lesfimi og lesskilning. PALS þjálfun er tekin reglulega yfir veturinn. Lestrarkassinn. Aukin áhersla á leiklist og tjáningu sem eflir lestur og lesfimi. Samstarf heimilis og skóla varðandi heimalestur. Nestislestur. | | |

* Stundum kallað undirpróf eða stuðningspróf

| 6. árgangur | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Matstæki** | **Lesferill** | | **Orðarún 6/ Matsferill** | **LOGOS skimun** |
| | **Grunnpróf** | **Hliðarpróf*** | | |
| Grunnþættir lestrar | Lesfimi | Ritháttalestur, tenging hljóða og stafa | Lesskilningur | Rithháttalestur, tenging hljóða og stafa |
| Tímasetning | September, janúar, maí | Janúar og maí | Janúar og maí | Í febrúar er fyrri skimun síðan aftur u.þ.b. sex vikum seinna, eftir lestrarátak |
| Þátttaka | Allir nemendur árgangsins sem hafa forsendur til | Nemendur á eða undir viðmiði 1 og eru ekki með lestrargreiningar. | Allir nemendur árgangsins sem hafa forsendur til | Nemendur skimaðir sem eru nálægt eða undir viðmiði 1 í Lesferli í janúar |
| Fyrirlögn | Umsjónarkennari eða sérkennari | Sérkennari | Umsjónarkennari eða sérkennari | Sérkennarar með réttindi |
| Kennsluskipulag ef nemandi víkur frá aldursviðmiðum | Áhersla á lesfimi og ritun, styðjast við áætlun G | | Áhersla á lesskilning. Áætlun I eða E | Sérkennari og umsjónarkennarar greina niðurstöður og skipuleggja sex vikna lestrarnámskeið og *LOGOS* greiningu eftir það, ef nemandi sýnir litlar sem engar framfarir í leshraða |
| **Læsiskennslan** | Aukin áhersla á lesfimi og lesskilning. PALS þjálfun er tekin reglulega yfir veturinn. Lestrarkassinn. Aukin áhersla á leiklist og tjáningu sem eflir lestur og lesfimi. Samstarf heimilis og skóla varðandi heimalestur. Nestislestur. | | | |

* Stundum kallað undirpróf eða stuðningspróf

| 7. árgangur | | | |
|---|---|---|---|
| **Matstæki** | **Lesferill** | | **Orðarún 7/ Matsferill** |
| | **Grunnpróf** | **Hliðarpróf*** | |
| Grunnþættir lestrar | Lesfimi | Ritháttalestur, tenging hljóða og stafa | Lesskilningur |
| Tímasetning | September, janúar, maí | Janúar og maí | Janúar og mai |
| Þátttaka | Allir nemendur árgangsins sem hafa forsendur til | Nemendur á eða undir viðmiði 1 og eru ekki með lestrargreiningar | Allir nemendur árgangsins sem hafa forsendur til |
| Fyrirlögn | Umsjónarkennari eða sérkennari | Sérkennari | Umsjónarkennari eða sérkennari |
| Kennsluskipulag ef nemandi víkur frá aldursviðmiðum | Áhersla á lesfimi og ritun, styðjast við áætlun G og Í | | Áhersla á lesskilning. Áætlun I |
| **Læsiskennslan** | Aukin áhersla á lesfimi og lesskilning. PALS þjálfun er tekin reglulega yfir veturinn. Aukin áhersla á leiklist og tjáningu sem eflir lestur og lesfimi. Samstarf heimilis og skóla varðandi heimalestur. | | |

* Stundum kallað undirpróf eða stuðningspróf

| 8. árgangur | | | |
|---|---|---|---|
| **Matstæki** | **Lesferill** | | **Orðarún 8/ Matsferill** |
| | **Grunnpróf** | **Hliðarpróf*** | |
| Grunnþættir lestrar | Lesfimi | Ritháttalestur, tenging hljóða og stafa | Lesskilningur |
| Tímasetning | September, janúar, maí | Janúar og maí | Janúar og mai |
| Þátttaka | Allir nemendur árgangsins sem hafa forsendur til | Nemendur á eða undir viðmiði 1 og eru ekki með lestrargreiningar | Allir nemendur árgangsins sem hafa forsendur til |
| Fyrirlögn | Umsjónarkennari eða sérkennari | Sérkennari | Umsjónarkennari eða sérkennari |
| Kennsluskipulag ef nemandi víkur frá aldursviðmiðun | Áhersla á lesfimi og ritun, styðjast við áætlun G og Í | | Áhersla á lesskilning. Áætlun I |
| **Læsiskennslan** | Aukin áhersla á lesfimi og lesskilning. PALS þjálfun er tekin reglulega yfir veturinn. Aukin áhersla á leiklist og tjáningu sem eflir lestur og lesfimi. | | |

* Stundum kallað undirpróf eða stuðningspróf

| 9.– 10. árgangur | | | |
|---|---|---|---|
| **Matstæki** | **Lesferill** | | **Matsferill** |
| | **Grunnpróf** | **Hliðarpróf*** | |
| Grunnþættir lestrar | Lesfimipróf | Ritháttalestur, tenging hljóða og stafa | Lesskilningur |
| Tímasetning | September, janúar, maí | Janúar og maí | Janúar og maí |
| Þátttaka | Allir nemendur árgangsins sem hafa forsendur til | Nemendur á eða undir viðmiði 1 og eru ekki með lestrargreiningar | Allir nemendur árgangsins sem hafa forsendur til |
| Fyrirlögn | Umsjónarkennari eða sérkennari | Sérkennari | Umsjónarkennari eða sérkennarar |
| Aðgerðaráætlun ef nemandi víkur frá aldursviðmiðum | Áhersla á lesfimi og ritun, styðjast við áætlun G, H og Í | | Áhersla á lesfimi og lesskilning, styðjast við áætlun I og jafnvel líka G |
| **Læsiskennslan** | Aukin áhersla á lesfimi og lesskilning. PALS þjálfun er tekin reglulega yfir veturinn. Aukin áhersla á leiklist og tjáningu sem eflir lestur og lesfimi. | | |

* Stundum kallað undirpróf eða stuðningspróf

Hér má sjá **tillögur** að kennsluskipulagi fyrir nemendur út frá grunnþáttum læsis. Hægt er að láta skipulagið rúlla í sex vikur. Hér er verið að hugsa um sérkennslunemendur í miklum vanda sem unnið er með í minni hópum en einnig má styðjast við þessar hugmyndir fyrir aðra nemendur í stærri hópum.

| YNGRI NEMENDUR 1. – 6. ÁRGANGUR | | | |
|---|---|---|---|
| | **Vika 1** | **Vika 2** | **Vika 3** |
| **Hljóðkerfis-vitund**<br><br>***Áætlun A*** | Vinna með ákveðin hljóð sem nemendur eiga erfitt með. Ef nemendur eiga erfitt með einhver tíu hljóð þá er t.d. hægt að vinna með þrjú hljóð í þessari viku.<br><br>Finna stök orð sem hafa þessi hljóð í sér.<br><br>Vinna síðan með ýmsa texta sem hafa þessi hljóð í sér.<br><br>Þekkja og segja hljóðin í orðum.<br><br>Vinna með greiningu á upphafs og endahljóðum í orðum.<br><br>Greina sama hljóð í orðum.<br><br>Fá aðstoð nemenda til þess að setja stafi, orð og myndir upp á vegg. | Halda áfram að vinna með næstu þrjú hljóðin sem nemendur eiga erfitt með.<br><br>Finna stök orð sem hafa þessi hljóð í sér.<br><br>Vinna síðan með ýmsa texta sem hafa þessi hljóð í sér.<br><br>Flokka hljóð: hvaða tvö orð byrja á sama hljóði: rúm-róa-afi.<br><br>Klippa niður fullt af orðum, nemendur flokka niður orð sem hafa sama byrjunarhljóði/ endahljóði.<br><br>Tengja orð saman með því að hlusta á röð hljóða sem þau eiga að tengja saman . | Halda áfram að vinna með þau hljóð sem nemendur eiga í erfiðleikum með.<br><br>Finna stök orð sem hafa þessi hljóð í sér.<br><br>Vinna síðan með ýmsa texta sem hafa þessi hljóð í sér.<br><br>Sundurgreina orð með því að setja kubb yfir hljóðið á sama tíma og hann segir það upphátt dæmi: f-a-r-þ-e-g-a-r.<br><br>Taka burtu hljóð úr orðum með því að hljóð er tekið úr orði: d tekið úr fundi - funi Dæmi um verkefni á Út fyrir bókina, Fjölbreytt kennsla. |

| YNGRI NEMENDUR 1. – 6. ÁRGANGUR | | | |
|---|---|---|---|
| | **Vika 1** | **Vika 2** | **Vika 3** |
| **Umskráning**<br><br>**Áætlun B** | Vinna með hljóð sem nemendur eiga í erfiðleikum með.<br><br>Ýmsar æfingar með hljóðin t.d. vinna með einföld stök orð sem hafa hljóðin í sér og síðan stuttan texta.<br><br>Hægt að vinna með spil t.d. Scrabble, raða orðum og segja hljóðin um leið.<br><br>Dæmi um verkefni á:<br><br>Út fyrir bókina,<br>Fjölbreytt kennsla<br>123skóli | Nemendur velja sér sjálfir orð sem þeir vilja skrifa út frá myndum eða sögu.<br><br>Kennari les orð upp á sundurslitinn hátt. Síðan eru orð nemenda skoðuð og ef um villur er að ræða skrifar kennari orðið upp á töflu og segir hljóðin um leið.<br><br>Hægt að nýta sér Stafarugl snjallkennsla í spjaldtölvum<br><br>Nemendur byrja að æfa sig í að setja orð í lesbúta dæmi: **sp-er-g-ill** þannig að það festist frekar í sjónrænu orðasafni.<br><br>Ef nemendur hafa ekki lesbútaaðferðina á valdi sínu þarf að taka tíma í að kenna og æfa hana. | Unnið með stafi vikunnar. Kennari les upp orðin á sundurslitinn hátt með hljóðum vikunnar nemendur skrifa upp.<br><br>Unnið með lesbúta (orð sem klippt hafa verið í sundur) og nemendur tengja orðin saman og umskrá.<br><br>Nemendur fá heil orð í hendur og klippa þau í þá lesbúta sem þeim hentar.<br><br>Fá aðstoð nemenda til þess að setja orð og myndir upp á veggi kennslustofunnar. |

| YNGRI NEMENDUR 1. – 6. ÁRGANGUR | | | |
|---|---|---|---|
| | **Vika 1** | **Vika 2** | **Vika 3** |
| **Lesfimi**<br><br>**Áætlun C** | Styrkja áhugahvöt nemenda með því að skoða bækur/bókalista, hjálpa þeim að velja sér bækur sem henta þeirra getu.<br><br>Upprifjun á stöfum og hljóðum og stuttum orðum.<br><br>Fletta stöfum og nemendur segja þá eins hratt og þeir geta.<br><br>Para saman litla stafi og stóra stafi. Stafabingó með stöfum sem búið er að kenna.<br><br>Endurtekinn lestur.<br><br>Markviss leiðbeining jafnóðum og lesið er. | Lesa eða skrifa stafi, samstöfur og stutt orð eins hratt og nemendur geta.<br><br>Lesa í hljóðlestri eða yndislestri það sem nemendur velja.<br><br>Æfa raddlestur og að nýta sér greinarmerki við lestur.<br><br>Syngja stafa og sérhljóðavísur.<br><br>Lesa eins hratt og nemendur geta stuttar og einfaldar setningar. Nemendur endurtaka. Geta verið orðalistar úr bókum sem verið er að lesa.<br><br>Ýmsar hugmyndir um þjálfun lesfimi á Læsisvefnum. | Lesa algeng orð sem henta aldursstigi, hægt að nota Orðaforðalista frá Menntamálastofnun. Nýr listi á hverjum degi og síðan endurtekið.<br><br>Kennari les setningu eða orð og nemendur herma eftir, síðan næstu setningu og koll af kolli. |

| YNGRI NEMENDUR 1. – 6. ÁRGANGUR | | | |
|---|---|---|---|
| | **Vika 1** | **Vika 2** | **Vika 3** |
| **Orðaforði**<br><br>**Áætlun D** | Orð dagsins valið á hverjum degi. Um það fjallað: Hvernig og hvenær notum við þetta orð? Andheiti/ samheiti þess, í hvernig sögu gæti það komið fyrir.<br><br>Orðum dagsins safnað í orðaskjóðu sem höfð er uppi á vegg í kennslustofu.<br><br>Nota þar til gerð spil/spjöld með myndum þar sem nemendur segja frá því sem þeir sjá.<br>Einnig eru til öpp sem hægt er að nota í þessari þjálfun. Fjölbreyttir kennsluhættir. | Orð dagsins valið á hverjum degi og unnið með.<br><br>Lesa til skiptis upp úr bók auk þess að ræða textann: hvað gekk á, hvað ætli hafi verið búið að gerast og hvað ætli geti gerst næst?<br><br>Kennari les upp gæðatexta sem nemendur rita niður, umræður og útskýringar. | Orð dagsins valið á hverjum degi og unnið með.<br><br>Nemendur velja sér mynd og skrifa stutta sögu út frá henni. Sagan lesin upp og rædd.<br><br>Hljóðlestur og nemendur segja síðan frá því sem þeir voru að lesa<br><br>Paralestur (PALS) og umræða um efnið. |

| YNGRI NEMENDUR 1. – 6. ÁRGANGUR | | | |
|---|---|---|---|
| | **Vika 1** | **Vika 2** | **Vika 3** |
| **Les-skilningur**<br><br>**Áætlun E** | Nota fjölbreyttar aðferðir við þjálfun lesskilnings:<br><br>Upplestur<br>Paralestur<br>Skiptilestur<br>Umræður<br>Forspá og framhald<br>Útskýra orðin í sína orðabók<br><br>Kennari les stuttan texta eða sögu og ræðir með nemendum um hvað textinn var. | Vinna með einfalda málshætti og ræða þá. Útskýra með orðum eða myndasögum. Á sama hátt er hægt að vinna með ljóð.<br><br>Kennari les upp gæðatexta sem nemendur rita niður, umræður og útskýringar á innihaldi.<br><br>Vinna með þemahefti t.d. um handbolta eða fótbolta og útskýra orð og texta Út fyrir bókina | Valinn texti úr bókum og lesið saman yfir textann.<br><br>Skrýtin/ný orð í textanum skoðuð og skrifuð niður í orðabók nemanda. Orðin útskýrð jafnvel með mynd. |

| YNGRI NEMENDUR 1. – 6. ÁRGANGUR | | | |
|---|---|---|---|
| | **Vika 1** | **Vika 2** | **Vika 3** |
| **Ritun**<br><br>**Áætlun F** | Nemendur hafa ákveðin orð hjá sér sem þeir afrita. Orðin geta verið úr sögu sem kennari hefur lesið og fjallað um.<br><br>Nemendur skrifa stök orð eftir upplestri kennara sem les hægt og sundurslitið.<br><br>Orð nemenda skoðuð og stafrófið haft til hliðsjónar þegar metið er hvort rétt sé skrifað og hver hljóðin eru.<br><br>Kennari les upp gæðatexta sem nemendur rita niður, umræður og útskýringar. | Nemendur skrifa stuttar setningar eftir hægum upplestri kennara eða eftir fyrirmynd.<br><br>Ef þarf er nemendum leyft að hafa stafrófið hjá sér ásamt því að mega spyrja ef þeir eru ekki vissir með tengingu hljóðs og stafs.<br><br>Nemendum kennt að nýta sér lesbúta til að skrifa orðin rétt. | Nemendur fá sögu sem klippt hefur verið niður eftir setningum og eiga að raða þeim saman eins og þeir halda að sagan geti hljómað.<br><br>Þegar niðurstaða er fengin skrifa nemendur söguna upp í stílabókina sína.<br><br>Fjölbreytt kennsl - ritunarspjöld |

| ELDRI NEMENDUR 7. – 10. ÁRGANGUR | | | |
|---|---|---|---|
| | **Vika 1** | **Vika 2** | **Vika 3** |
| **Lesfimi**<br><br>**Áætlun G** | Þjálfa hraða endurtekningu á orðum sem nemendur hafa verið að læra t.d. í námsbókunum.<br><br>Þjálfa stök orð og lesa hratt. Hægt að nota m.a. 100 orða heimasíðuna.<br><br>Lesa hratt yfir stuttar setningar sem eru á renningum. Dæmi um æfingar *í Leið til læsis* | Nemendur lesa texta upphátt og taka tímann á hvor öðrum (PALS).<br><br>Hægt að nota ýmsar aðferðir sem skýrðar eru á Læsisvefnum<br><br>Bergmálslestur.<br><br>Kórlestur.<br><br>Paralestur. | Nemendur lesa texta upphátt tveir og tveir saman og taka tímann á hvor öðrum (PALS). Skiptast á að spyrja hvorn annan um textann.<br><br>Nemendur lesa texta í eina mínútu og merkja við hversu langt þeir komast.<br>Lesa textann aftur og reyna að komast lengra og merkja við og síðan í þriðja skiptið og merkja við. Reyna alltaf að komast lengra í hvert skipti. |

| ELDRI NEMENDUR 7. – 10. ÁRGANGUR | | | |
|---|---|---|---|
| | **Vika 1** | **Vika 2** | **Vika 3** |
| **Orðaforði**<br><br>**Áætlun H** | Lesa sögu eða ljóð, velja orð til að útskýra og skrá þau niður í glósubók eða í tölvu.<br><br>Gera krossorðasafn út frá orðum í sögunni (orð af orði).<br><br>Kennari les upp gæðatexta sem nemendur rita niður, umræður og útskýringar t.d. á orðum í textanum. | Rifja upp orð og kenna þau í öðru samhengi.<br><br>Flokka orð eftir orðflokkum, hafa fullt af orðum á spjöldum sem búið er að klippa niður. Nemendur skrifa orðin niður í stílabók.<br><br>Stafasúpur eða krossgátur með orðum sem eru í sögu sem nemendur hafa lesið. Kennari getur nýtt sér öpp við stafasúpugerð og krossgátugerð. | Lesa aðra sögu um svipað efni, halda áfram að rifja upp áður lærð orð.<br><br>Flokka sameiti og andheiti og/ eða kk – kvk – hk, hafa fullt af orðum á spjöldum sem búið er að klippa niður. |

| ELDRI NEMENDUR 7. – 10. ÁRGANGUR | | | |
|---|---|---|---|
| | **Vika 1** | **Vika 2** | **Vika 3** |
| **Lesskilningur**<br><br>**Áætlun I** | Nemendur hlusta saman á sögur með hópnum og síðan eru umræður sem kennari stýrir.<br><br>Bókaklúbbur (ný bók/bækur í hverjum mánuði).<br><br>Hugmyndir varðandi skipulag á bókaklúbbum.<br><br>Kennari getur stuðst við hugmyndir af Læsi er lykill – Lestur og lesskilningur. | Nemendur hlusta á sögu, getur verið sama sagan og skrá niður hjá sér það sem þeim þykir vera aðalatriðin.<br><br>Bókaklúbbur.<br><br>Kennari les upp gæðatexta t.d. hægt að nota námsbækur í íslensku. Nemendur rita niður, umræður og útskýringar. | Nemendur lesa sögu eða bút úr sögu upphátt og þeir spurðir ályktunarspurninga, hvað haldið þið að geti gerst næst? Hvað þykir ykkur um....?<br><br>Lýsa aðalpersónu skriflega eða munnlega.<br><br>Nemendur gera teiknimyndasögu eftir atburðum sögunnar.<br><br>Bókaklúbbur heldur áfram. |

| ELDRI NEMENDUR 7. – 10. ÁRGANGUR | | | |
|---|---|---|---|
| | **Vika 1** | **Vika 2** | **Vika 3** |
| **Ritun**<br><br>**Áætlun Í** | Skrifa sögur eftir mynd/um. Getur verið teiknuð mynd eða stuttur þáttur. Nýta sér reglur varðandi upphaf, miðju og endir. Síðan er athugað hvort orð eru rétt skrifuð.<br><br>Ritunarvefurinn ýmsar hugmyndir varðandi kennsluna.<br><br>Læsisvefurinn – Ritun ýmsar hugmyndir fyrir kennslu og fróðleikur. | Nemendur rita sögu eftir sögutöflu: Persónur – Aðstæður – Efni sögunnar (sjá hugmynd bls. 56 í Skræðu).<br><br>Afrita ákveðinn gæðatexta sem kennari hefur valið. Orð sem nemendur skilja ekki skráð í orðabók og þau útskýrð þar. | Nemendur skrifa saman sögu út frá einu eða tveimur orðum, tveir og tveir saman.<br><br>Nemendur æfa sig að gera einfalda ritgerð með réttri uppbyggingu.<br><br>Nemendur skrifa sendibréf til foreldra eða vinar erlendis Ritunarvefurinn. |

## Heimildaskrá

*Aðalnámskrá grunnskóla, almennur hluti* (2011). Reykjavík. Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Beck, I. L., McKeown, M. G. og Kucan, L. (2002). Bringing words to life. New York: The Guilford Press.

Helga Sigurmundsdóttir (2011a). Að þjálfa lesfimi. Í Steinunn Torfadóttir (ritstjóri), *Leið til læsis: Lesskimun fyrir fyrsta bekk grunnskóla*. Handbók (bls.95-130). Reykjavík: Námsmatsstofnun.

Helga Sigurmundsdóttir (2011b). Niðurstöður skimunar - Hvað svo? Í Steinunn Torfadóttir (ritstjóri), *Leið til læsis: Lesskimun fyrir fyrsta bekk grunnskóla*. Handbók (bls.45-61). Reykjavík: Námsmatsstofnun.

Lesvefurinn. (e.d.). *Forsíða*. Hvað er lestur? | Lesvefurinn

Læsi fyrir lífið. (e.d.). *Forsíða*. Læsi fyrir lífið

Læsisvefurinn. (e.d.). *Forsíða*. https://laesisvefurinn.is/

*Lög um grunnskóla* nr. 91/2008.

Miðstöð menntunar og skólaþjónustu. (e.d.). *Forsíða*. Miðstöð menntunar og skólaþjónustu

Skólalausnir. (e.d.). *Forsíða*. Skólalausnir | Læsir

Steinunn Torfadóttir (2011a). Er hægt að veita öllum börnum kennslu við hæfi? Stigskipt kennsla (RTI). Í Steinunn Torfadóttir (ritstjóri), *Leið til læsis: lesskimun fyrir fyrsta bekk grunnskóla*. Handbók (bls.35 - 43). Reykjavík: Námsmatsstofnun.

Steinunn Torfadóttir (2011b). Leið til læsis. Í Steinunn Torfadóttir (ritstjóri), *Leið til læsis: lesskimun fyrir fyrsta bekk grunnskóla*. Handbók (bls.11 -14). Reykjavík: Námsmatsstofnun.

Steinunn Torfadóttir (2011c). Hvernig má sporna við fyrirsjáanlegum lestrarvanda? Í Steinunn Torfadóttir (ritstjóri), *Leið til læsis: lesskimun fyrir fyrsta bekk grunnskóla*. Handbók (bls.27-34). Reykjavík: Námsmatsstofnun.

Steinunn Torfadóttir (2011d). Hvers vegna eiga sum börn erfitt með að læra að lesa? Í Steinunn Torfadóttir (ritstjóri), *Leið til læsis: lesskimun fyrir fyrsta bekk grunnskóla*. Handbók (bls.15-22). Reykjavík: Námsmatsstofnun.

Steinunn Torfadóttir (2011e). Þróun lestrar. Í Steinunn Torfadóttir (ritstjóri), *Leið til læsis: lesskimun fyrir fyrsta bekk grunnskóla*. Handbók (bls.23-26). Reykjavík: Námsmatsstofnun.